

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/862
komudagur 24.1.2003



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

•: Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

22. janúar 2003

Skjalanúmer: 110-0

Tilvísun: U20021200393/kg

Efni: Frumvarp til laga um eftirlit með skipum, heildarlög, 360. mál

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 11. desember sl., þar sem óskað var umsagnar Hollustuverndar ríkisins um frumvarp til laga um eftirlit með skipum, 360. mál. Frá og með 1. janúar 2003 tók Umhverfisstofnun við verkefnum og hlutverki Hollustuverndar ríkisins. Vegna flutninga og framangreindra breytinga reyndist ekki mögulegt að svara erindi nefndarinnar fyrr og er beðist velvirðingar þar á.

Umhverfisstofnun bendir samgöngunefnd á að skv. lögum nr. 32/1986, sbr. og frumvarp til laga um verndun hafs og stranda sem nú er til afgreiðslu hjá Alþingi (240. mál), hefur Siglingastofnun Íslands með höndum eftirlit með mengunarvarnabúnaði sem kveðið er á um í lögum og alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Umhverfisstofnun þykir eðlilegt að í lögum um eftirlit með skipum verði nánar kveðið á um það eftirlit, en víða í frumvarpinu er eingöngu vísað til laga og alþjóðlegra samninga hvað varðar öryggi skipa (sbr. t.d. 7., 12. og 18. gr.). Sjá einnig athugasemdir um einstakar greinar í fylgiskjali.

Umhverfisstofnun vill taka fram, þrátt fyrir nokkrar athugasemdir við orðalag, að stofnunin telur fyrirhugaðar breytingar á lögum um eftirlit með skipum til bóta og skýra stöðu Siglingastofnunar Íslands, flokkunarfélaga og annarra eftirlitsaðila.

Umsögn um frumvarpið er í fylgiskjali með bréfi þessu. Umhverfisstofnun er reiðubúin að senda fulltrúa sína á fund samgöngunefndar, ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,


Davíð Egilsson
forstjóri


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður

Meðf.: Fylgiskjal - Umsögn um frumvarp um eftirlit með skipum

Fylgiskjal

Umsögn um frumvarp um eftirlit með skipum

Almennar athugasemdir

Fyrirliggjandi frumvarp um eftirlit með skipum, 360. mál, er ætlað að færa til betri vegar fyrirleggjandi lög um sama efni sem að stofni til eru frá árinu 1993.

Umhverfisstofnun telur fyrirhugaðar breytingar á lögnum til bóta og skýra stöðu Siglingastofnunar Íslands, flokkunarfélaga og annarra eftirlitsaðila.

Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi umfjöllun og tengsl frumvarpsins við mengun frá skipum og mengunarvarnir í samræmi við gildandi lög og alþjóðlega samninga þar að lútandi sem Ísland hefur staðfest. Nokkurs misræmis gætir í frumvarpinu hvernig vísað er til mengunar, sbr. 1. gr. (*mengun sjávar*), 5. gr. (*mengun*), 11. gr. (*mengun sjávar og stranda*), 13. gr. (*mengun frá skipi*). Umhverfisstofnun leggur áherslu á að samræmis verði gætt í gegn um frumvarpið. Stofnunin vísar til þess að í umfjöllun um mengun frá skipum hefur hin síðari ár verið litið til fleiri þátta en mengun sjávar eingöngu. Má þar t.d. nefna VI. viðauka MARPOL 73/78 samningsins um varnir gegn mengun frá skipum, en hann fjallar um loftmengun frá skipum. Einnig má vísa til umræðu um kælimiðla og slökkviefni í skipum sem hafa ósneyðandi áhrif eða gróðurhúsaáhrif. Umhverfisstofnun mælir með því að í gegn um frumvarpið verði vísað til mengunar frá skipum.

Samkvæmt lögum nr. 32/1986, sbr. og frumvarp til laga um verndun hafs og stranda sem nú er til afgreiðslu hjá Alþingi (240. mál), hefur Siglingastofnun Íslands með höndum eftirlit með mengunarvarnabúnaði sem kveðið er á um í lögum og alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að. Umhverfisstofnun þykir eðlilegt að í lögum um eftirlit með skipum verði nánar kveðið á um það eftirlit, en víða í frumvarpinu er eingöngu vísað til laga og alþjóðlegra samninga hvað varðar öryggi skipa (sbr. t.d. 7., 12. og 18. gr.).

Athugasemdir við einstakar greinar

1. gr., 5. mgr. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, eru ákvæði er lúta að hollustuháttum í farþegaskipum, sbr. og reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti. Jafnframt er vísað til 4. gr. frumvarpsins en þar kemur fram að samgönguráðherra beri að setja reglur um aðbúnað og vinnuskilyrði skipverja, svo sem heilbrigðis- og hollustuhætti í skipum (sbr. reglugerð nr. 492/1979). Umhverfisstofnun bendir því á að leyfisveitingar og eftirlit með aðbúnaði, veitingasölu, vistarverum og umhverfi þeirra, sem og öryggisþáttum þeim tengdum eru á sviði viðkomandi heilbrigðiseftirlits. Leyfi samkvæmt 5. mgr. 1. gr. verða því ekki veitt nema að undangenginni úttekt og leyfi heilbrigðisnefndar.

6. mgr. Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi mgr. þannig að þar standi „... og efla varnir gegn mengun frá skipum. ...“

3. gr., 2. mgr. Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi mgr. þannig að þar standi „... og varnir gegn mengun frá skipum. ...“

- 5. gr. 2. ml.** Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi gr. þannig að þar standi „Þó skal tekið tillit til *varna gegn mengun frá skipum*, öryggis og aðbúnaðar um borð, ...“
- 7. gr.** Umhverfisstofnun bendir á að í greininni er ekki vísað til áhrifa breytinga á skipum sem hafi áhrif á mengunarvarnabúnað. Hér er vísað til sjóhæfni, ekki haffæri, sbr. umfjöllun þar um í athugasemdum stofnunarinnar um 17. gr. Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi upphafi gr. þannig að þar standi „Engar meiri háttar breytingar má gera á skipi, svo sem stækkun farmrýmis eða yfirbyggingar, aðalvélskipti eða breytingar sem hafa áhrif á mælingu skips, sjóhæfni, og stöðugleika, öryggi, *hættu á mengun frá skipi*, og/eða aðbúnað áhafna...“. Hið sama gildir um 2. mgr.
- 11. gr., 1. mgr.** Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi mgr. þannig að þar standi „... til að tryggja öryggi skipverja, farþega, skips, farms og *varnir gegn mengun frá skipinu*.“
- 12. gr., 1. mgr.** Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi mgr. þannig að þar standi „Siglingastofnun Íslands annast eftirlit með því að fullnægt sé ákvæðum gildandi laga og reglna um öryggi skipa og *varnir gegn mengun frá skipum*.“ Umhverfisstofnun vísar í því sambandi til 5. mgr. 4. gr. frumvarps til laga um verndun hafs og stranda (sbr. og 5. tl. 3. gr. laga nr. 6/1996, um Siglingastofnun Íslands, ásamt síðari breytingum).
- 17. gr.** Umhverfisstofnun vekur athygli á því að skv. 17. gr. er vísað til reglna skv. alþjóðasamningum og/eða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið varðandi haffæri skipa. Þótt ekki sé kveðið að því beinum orðum í greininni eða greinargerð með frumvarpinu verður að telja að hér séu einnig meðtaldir samningar og ákvæði sem lúta að vörnum og viðbrögðum gegn mengun frá skipum. Hér má jafnframt vísa til 3. tl. greinarinnar þar sem bein tilvísun er til mengunarvarnabúnaðar. Með þeim skilningi stofnunarinnar má benda á að skv. ákvæðum 8., 9., 15. og 20. gr. frumvarpsins þar sem rætt er um haffæri skips þá felur það í sér kröfu um fullnægjandi mengunarvarnabúnað og mengunarvarna-skírteini skv. alþjóðlegum samningum sem Ísland hefur gerst aðili að til þess að skip teljist haffært.
- 3. tl.** Umhverfisstofnun leggur til að auk þeirra tilvika sem tilgreind eru í tl. verði einnig bætt við „...með tilliti til öryggis skipsins og þeirra manna sem skipinu fylgja, *eða yfirvofandi mengunarhættu frá skipinu*...“ Markmið breytingarinnar er að tryggja að skip sem geta talist hættuleg umhverfi teljist ekki haffær. Þetta er jafnframt í samræmi við 3. mgr. 22. frumvarps til laga um verndun hafs og stranda (sbr. og 22. gr. laga nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar).
- 18. gr., 2. mgr.** Með tilvísun til röksemdafærslu frammar í þessari umsögn telur Umhverfisstofnun að breyta þurfi mgr. þannig að þar standi „Þurfi að færa skip sem er óhaffært af slystað eða úr höfn til viðgerðar eða nánari skoðunar skal Siglingastofnun Íslands eða aðrir aðilar sem stofnunin hefur viðurkennt ákveða hvaða ráðstafanir skuli gerðar með tilliti til öryggis skipsins, þeirra manna sem skipinu fylgja og *mengunarhættu frá skipinu*.“

Kristján Geirsson
fagstjóri
mengunarvarnir sjávar